



## Reglur um viðskipti starfsmanna

*Reglur þessar eru hluti af heildarreglum stofnunarinnar um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum og eru birtar sérstaklega á vef Byggðastofnunar. Reglurnar eru samþykktar af stjórn stofnunarinnar eða forstjóra og þær skal endurskoða eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Starfsmenn skulu við upphaf starfs hjá stofnuninni staðfesta að þeir hafi kynnt sér efni reglanna.*

### Reglur um viðskipti starfsmanna

Reglur þessar eru settar skv. 1. og 2. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og gilda um viðskipti Byggðastofnunar annars vegar og starfsmanna stofnunarinnar eða aðila í nánnum tengslum við þá hins vegar.

Um viðskipti forstjóra og lykilstarfsmanna, og aðilum í nánnum tengslum við þá, gilda ákvæði reglna þessara og viðeigandi ákvæði starfsreglna stjórnar Byggðastofnunar. Ákvörðun um viðskipti við þessa aðila skal ávallt staðfest af stjórn Byggðastofnunar.

### Viðskipti starfsmanna Byggðastofnunar

Viðskipti starfsmanna Byggðastofnunar, eða aðila í nánnum tengslum við þá, skulu, nema annað sé sérstaklega tilgreint, lúta sömu reglum og viðskipti almennra viðskiptavina Byggðastofnunar, í sambærilegum viðskiptum.

Óheimilt er að bjóða starfsmönnum stofnunarinnar tiltekin starfsmannakjör í viðskiptum við stofnunina.

Lánveitingar til starfsmanna og/eða aðila í nánnum tengslum við þá skulu ávallt vera í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir, gildandi lánareglur stofnunarinnar og aðrar verklagsreglur.

### Sjálfsafgreiðsla óheimil

Starfsmanni er óheimilt að framkvæma eða koma að hverskonar afgreiðslu fyrir eigin hönd í kerfum stofnunarinnar. Þá er starfsmanni óheimilt að koma að afgreiðslu viðskipta aðila sem er í nánnum tengslum við viðkomandi starfsmann.

Staðfest á fundi stjórnar Byggðastofnunar á Sauðárkróki 2. júní 2023

Halldóra Kristín Hauksdóttir form.